

Alþingi
Erindi nr. P 131/1767
komudagur 29.4.2005

Nefndasvið Alþingis
menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

29. apríl 2005
Skjalanúmer: 50
Tilvísun: UST20050400045/KG

Tillaga til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs, 40. mál

Vísað er til erindis menntamálanefndar, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs, 40. mál.

Umhverfisstofnun bendir á að kirkjugarðurinn við Suðurgötu gegnir mikilvægu hlutverki sem friðsælt útivistarsvæði í þéttbýli Reykjavíkur. Í garðinum eru merkar menningarminjar og fjölbreytt gróðurfar, garðurinn er enn fremur heppilegur til fræðslu og upplifunar og mikilvægur hluti af sögu Reykjavíkur og þjóðarinnar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Hólavallagarður verði verndaður. Reynslan sýnir að hverfisvernd er engin trygging um verndun til framtíðar þar sem einungis er um að ræða skipulagslegt ákvæði sem er breytingum undirorpið. Auk þeirra leiða sem nefndar eru í greinargerð með tillögunni bendir Umhverfisstofnun á þann möguleika að friðlýsa Hólavallagarð sem fólkvang samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Fólkvangar eru landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota. Um fólkvanga vísast að öðru leyti til 55.-58. gr. náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður